



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
við útskrift  
Listaháskóla Íslands  
á 20 ára afmæli hans  
Reykjavík  
15. júní 2019**

Rektor, kennarar og annað starfslið,  
útskriftarnemar,  
kæru gestir.

Til hamingju! Til hamingju, kæru nemendur. Það nám, sem þið kusuð ykkur, er að baki, þið hafið náð merkur áfanga. Já, til hamingju. Í raun er fátt meira að segja. Þetta á að vera hamingjudagur í huga ykkar og huga þeirra sem standa ykkur næst, hér í dag og í lífinu öllu.

En við skulum samt nota þessa stund ögn betur. Þótt þið séuð hér í aðalhlutverki, útskriftarnemar, eruð þið ekki upphaf og endir þessarar athafnar. Þið hófuð nám á sínum tíma og þið hverfið á braut núna. Eftir stendur skólinn, Listaháskóli Íslands, sem fagnar nú tuttugu ára afmæli.

Hvernig er að vera tvítugur? Það var einu sinni listamaður á Íslandi sem svaraði því svona: „Það er asskoti erfitt að vera tvítugur. ... Það er að segja það var erfitt í þá daga þegar ég var tvítugur. Það var, skal ég segja þér, ólíkt því sem nú er.“

Ég kem að þessu aftur á eftir, þessu með tvítugsaldurinn. En við fögnum öðrum tímamótum um þessar mundir. Eftir tvo daga, hinn 17. júní 2019, megum við minnst þess að rétt 75 ár verða liðin frá því að lýðveldi var stofnað hér á landi.

Þá náðist lokasigur í langri sjálfstæðisbaráttu. Þá voru aðrir að útskrifast. Leyfið mér, ágætu nemar, að vitna í einn þeirra sem þá stóð að því leyti í sömu sporum og þið eruð í núna. Skólinn var að vísu annar, Menntaskólinn í Reykjavík, en fyrr í þessum mánuði rifjaði Páll Bergþórsson upp, 95 ára gamall, hvernig þeim var innanbrjósts, nýstúdentum þar við Lýðveldisstofnun, og nefndi um leið hversu dýrmætt það getur reynst að líta sáttur um öxl: „Efst í huga,“ sagði Páll, „er sú hamingja sem hver fjölskylda hefur notið þrátt fyrir allt, störfín sem veittu bæði lífskjör og ánægju, börnin öll og barnabörnin og barnabarnabörnin, mikil tilbreyting í veðri [hann var jú veðurfræðingur], kreppur og góðæri, en umfram allt LÍF. Það er dásamleg heppni að lifa, þó ekki sé nema einu sinni í allri eilífðinni.“

Er þetta ekki afskaplega vel orðað? Sátt, bjartsýni og þakklæti, enginn barlómur, þrátt fyrir allt. Páll leit svo fram á veg, til ársins 2094, eftir önnur 75 ár. Hvernig yrði umhorfs þá í heimi hér? Áskoranir vissulega fram undan, hlýnun jarðar, fjölgun mannkyns, önnur viðfangsefni. „Þá reynir á virðinguna fyrir mannlífum,“ bætti sá gamli við en sagði svo: „En þið leysið þann vanda vonandi með öðrum á snjallan og heiðarlegan hátt.“

Vanmetum ekki visku hinna eldri, þeirra sem vilja miðla úr sínum reynslubrunni, víðsýnir, skilningsríkir og lífsglaðir. Í þeim hópi vil ég vera, kominn á sextugsaldur, jafnaldrar og vinir orðnir ömmur og afar mörg hver og styttra í hefðbundin starfslok en upphaf náms- og vinnuferils.

Já, árin færast yfir en ykkur er treystandi, kæru útskriftarnemar! Framtíðin er ykkar. Hvað viljið þið gera?

Þið getið auðvitað sinnt ykkar list, sinnt því sem stendur næst huga ykkar og hjarta. Vonandi verður sú raunin. Samfélag án listar er fátækt samfélag. Það vissum við 1944 og það vitum við enn. Hitt er svo annað mál að einhugur ríkir sjaldan eða aldrei um listsköpun. Þess gætti nú heldur betur í aðdraganda Lýðveldisstofnunar. Listamenn höfðu þá margir hrifist af ferskum straumum og nýjungum að utan en ýmsir í valdastöðum streittust á móti. Klessulist, úrkynjuð list, góð list og vond list; um þetta var rifist um leið og tekist var á um stjórnsmál og stjórnskipun. List er líka vald, og þess vegna verður alltaf deilt um hana, eða rætt um hana í það minnsta. Ef ekki, er hún til lítils.

Já, þið getið sem sagt sinnt ykkar list, ykkur sjálfum og samfélaginu til heilla. Aftur: Samfélag án listar er fátækt samfélag. Hér er þó einn fyrirvari: Ég á ekki við að allt listafólk eigi alltaf að fá allan þann stuðning sem þarf til að gera það sem því sýnist. Það er ómögulegt. Það gengur ekki og það er ekki sanngjarnt því að fjölmörgu öðru þarf að sinna í öflugum þjóðfélagi.

Og þótt ég taki ekki undir þá klisju að fátækt og basl dragi fram hið sanna og fagra í hverjum listamanni er það nú samt svo að engum er hollt að fá allt upp

í hendurnar, að þurfa ekki að hafa fyrir hlutunum. Við þurfum að vera þrautseig, kunna að mæta mótlæti, eflast við hverja raun.

Er það ekki líka þannig að allri von verður í raun að fylgja varúð, allri bjartsýni vissst raunsæi? Og þá kem ég aftur að þessu með tvítugsaldurinn, að það sé erfitt að vera tvítugur – eins og Listaháskóli Íslands núna, eins og ég var einu sinni.

Ég útskrifaðist úr háskóla á 23. ári. Nú þegar mér er ætlað að veita ykkur einhver ráð út í lífið vil ég rifja upp hvernig mér leið þarna um og upp úr tvítugu.

Ég held að það hafi ekki verið erfiðara þá en það er væntanlega nú um stundir. Og hvernig er svo sem hægt að alhæfa um það? En ég man hvað ég var feiminn. Ég man hversu staðráðinn ég var í því að halda mig við þann vettvang sem ég hafði heillast af, fræðastörf fjarri öllum skarkala; að ég skyldi ekki koma mér í þá stöðu að lenda í sviðsljósi, að vera veginn og metinn, vekja athygli.

Það fór eins og það fór. Ég mæli ennþá með því að fólk finni sína köllun, finni hvað það vill framar öllu læra og vinna við, einsetji sér að móta eigin framtíð. En ég mæli líka með því að þið grípið þau tækifæri sem geta gefist. Ég mæli með öryggi og hinu fyrirséða en ég mæli líka með því að þið lærið að elska hið óvænta.

Framtíðin er óviss, í því felst einmitt fegurð hennar. Vissulega geta áföll dunið yfir, vonbrigði og andstreymi mætt okkur. Þess vegna þurfum við einmitt að hjálpast að – og látið ekki biturð ná tökum á ykkur, tortryggni og þrá eftir því sem liðið er og kemur ekki til baka. Ekki falla í þá gryfju síðar meir að halda að allt hafi verið svo miklu betra þegar þið sjálf voruð upp á ykkar besta, þegar þið voruð að útskrifast eða þegar þið voruð kannski á hátindi listar og valda.

Já, látið ekki ótta ná tökum á ykkur. Lærið að yfirbuga óttann, nýta hann. Látið hann ekki stýra ykkar för. Leyfið mér í lokin að vitna í ljóð Nínu Bjarkar Árnadóttur um óttann, um fugl óttans:

Fugl óttans er stór  
hann tekur manneskjuna í klærnar  
og flýgur með hana langt  
svo langt  
frá gleðinni  
en hann er líka lítill  
þá flýgur hann inn í brjóstin  
og veinar  
og veinar þar.

Kæru gestir! Í anda alls sem ég hef sagt lýk ég máli mínu á einu heilræði enn, að kunna að læra af öðrum, að vinna með öðrum, vitna í aðra eins og hér er gert. Og gleymið ekki þessu öllu, þessu um bjartsýnina og raunsæið, vonina og varúðina, mótlætið og seigluna. Aftur reiði ég mig á listina til að koma þeim boðskap vel til skila. Sigurður Pálsson vissi að hverju stefndi þegar hann birti, fyrir þremur árum, ljóð sitt um réttlæti og fegurð lífsins. Ári síðar var hann allur en lifir í list sinni um aldir. Skáldið orti og látum það vera lokaorðin hér:

Hvað sem hver segir  
byggir friður á réttlæti.

Hvað sem hver segir  
er fegurðin ekki skraut  
heldur kjarni lífsins.

Já gefðu mér rödd,  
gefðu mér spámannsrödd  
til að bera fegurðinni vitni.

Gefðu mér rödd  
til að bera réttlætinu vitni.

Njótið dagsins, gott fólk. Njótið lífsins. Aftur til hamingju, kæru útskriftarnemar. Gangi ykkur allt í haginn!